

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 11. mars 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Eiríkur Rögnvaldsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Afmæli Íslenskrar málnefndar

Frh. sjá fg. stj. ÍM 2/2014, 1. lið. Ákveðið var að kanna yrði á næsta mánaðarlegum samstarfsfundi í mennta- og menningarmálaráðuneyti hvort ráðuneytið hefði áhuga á að taka þátt í afmælis dagskrá ÍM í nóvember. Í framhaldi af því þyrfti að kanna hvort mennta- og menningarmálaráðherra gæti verið viðstaddur.

Meginefni afmælistálfingsins verður mannréttindi. Nú þegar hafa stjórnarmenn rætt við nokkra fyrirhugaða fyrirlesara og var ákveðið við hverja fleiri yrði rætt. Hugmyndir um ræðuefni á þinginu: almennur inngangur, mál hinsegin fólks, táknmál, íslenska sem annað mál, málfrelsi rithöfunda, máltækni á íslensku, mál beggja kynja. Ákveðið var að fjalla ekki um mannanöfn heldur stefna að því að fjalla um þau á öðrum vettvangi síðar. Einnig verður veitt viðurkenning á þinginu og ályktun ÍM kynnt.

2. Íslensk málstefna fimm ára – hvað hefur áunnist?

Sjá fg. stj. ÍM 2/2014, 3. lið. Formaður hefur rætt við Katrínu Jakobsdóttur alþingismann um að sagt yrði frá fimm ára afmæli *Íslensku til alls* á Alþingi. Katrín tók vel í það. Einnig hefur verið rætt við Mörd Árnason varaþingmann og Svandísi Svavarsdóttur alþingismann í tengslum við þetta mál.

Formaður fór yfir hvað hefur áunnist af baráttumálum íslenskrar málstefnu. Flest af því sem nefnt var í 1. kafla hefur ræst. Fátt annað hefur hins vegar gerst af því sem lagt var til. Anna sagði að í raun hefði umdæmi tapast, þ.e. kennsla í íslensku í kennaranámi væri nær horfin úr náminu. Formaður nefndi að hugsanlega virtist mest hafa unnist á sviði máltækni þótt þar væri þörf á miklu meiri stuðningi.

Rætt var um að taka þyrfti saman yfirlit um það sem áunnist hefur af markmiðum málstefnunnar og senda til ráðuneytis og Alþingis. Halda þyrfti sérfund í stjórn ÍM um þetta.

3. Fjármál Íslenskrar málnefndar

Tilkynnt var í bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis 17. febrúar 2014 að ráðuneytið hefði „ákveðið að veita Íslenskri málnefnd 3 millj. kr. styrk á þessu starfsári til að standa straum af kostnaði við verkefni og starfsemi málnefndarinnar.“

4. Önnur mál

a) *Fundur hjá Nordisk Sprogkoordination um áætlun fyrir norrænt málasmstarf 2014–2018*
Formaður greindi frá fundi sem Nordisk Sprogkoordination hefði boðað til í lok apríl þar sem áformað er að fulltrúar ýmissa hópa, þar á meðal samstarfsnets norrænu málnefndanna ræði um áætlun um norrænt málasmstarf fyrir árin 2014–2018.

b) *Stafrænt Ísland*

Eiríkur sagði frá heimsókn sinni fyrir hönd Máltækniseturs á fund allsherjarnefndar Alþingis til að ræða um *Aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni*, 268. mál, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=143&mnr=268>) (sjá fg. stj. ÍM 2/2014).

Mál til bókunar

Formanni barst tölvuskeyti 6. mars 2014 frá Margréti Magnúsdóttur lögfræðingi hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem vakin var athygli á breyttri skipan örnefnanefndar í frumvarpi til laga um örnefni sem mennta- og menningarmálaráðherra mun leggja fram á næstu vikum. Í frumvarpsdrögunum er lagt til að áheyrnarfulltrúi Íslenskrar málnefndar verði fullgildur fulltrúi í nefndinni. Formaður svaraði samdægurs með tölvuskeyti og sagði að stjórn Íslenskrar málnefndar gerði ekki athugasemdir við þessar breytingar.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.